



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Áhrif íslenskra þjóðlaga á sönglög Jórunnar Viðar

**Tvær þjóðlagaúttsetningar og tvö frumsamin lög Jórunnar
athuguð**

Mattias Jose Martinez Carranza

Lokaritgerð til BMus-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Desember 2019

Áhrif íslenskra þjóðlaga á sönglög Jórunnar Viðar

**Tvær þjóðlagaúttsetningar og tvö frumsamin lög Jórunnar
athuguð**

Mattias Jose Martinez Carranza

Lokaritgerð til BMus-prófs í hljóðfæraleik

Leiðbeinandi: Ingibjörg Eyþórsdóttir

Tónlistardeild
Desember 2019

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til BA/B.Mus.-prófs í
HLJÓÐFÆRALEIK. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema
með leyfi höfundar.

Útdráttur

Jórunn Viðar (1918–2017) var tónskáld sem hefur verið fyrirferðarmikið í íslensku tónlistarlífi. Íslenskur blær einkennir tónlist hennar, sem hefur vakið áhuga áheyrenda og leyft þeim að upplifa þjóðlagaarf Íslendinga í nýju ljósi. Í þessari ritgerð er tenging þjóðlaga við tónsmíðar Jórunnar Viðar rannsökuð. Farið er yfir æviferil Jórunnar til að finna mögulega listræna áhrifavalda, erlenda sem íslenska. Einnig er fjallað um einkenni íslenskrar þjóðlagahefðar og orð Jórunnar sjálfrar um verk sín, til að komast að því hvaðan hún sækir innblástur sinn. Helstu heimildir sem leitað var í eru bækur og greinar um íslensk þjóðlög og rímur, og viðtöl við Jórunni. Fjögur lög eru síðan valin og greind; tvær útsetningar og tvö lög sem Jórunn hefur samið. Markmið greiningarinnar var að athuga hvort hægt væri að skilgreina „íslenskt tónmál“ Jórunnar, og nota þær upplýsingar sem var aflað til að skoða tengingar við íslenskan þjóðlagaarf. Lögin sýna hvernig hún lipurlega notar þjóðlegan innblástur og mótar tónmál sitt í þjóðlagastíl, með vinnubrögðum sem hún tileinkað sér í gegnum klassíska menntun sína. Frumsamin tónverk Jórunnar sem hér voru greind eiga margt sameiginlegt með útsetningum hennar og sem dæmi má í hvorum tveggja finna fimmundasöng í píanóinu, hrynmynstur, stækkaða tóna og flúr í tóntegundum sem eru óskyldar klassískri hljómfraði. Allt eru þetta einkenni sem finnast í þjóðlagaarfi Íslendinga og sem lita tónmál Jórunnar Viðar.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Jórunn Viðar	1
Íslensk tónlist	4
Verkfæri Jórunnar	7
Greining laga	8
Táta, táta	9
Grýlukvæði.....	9
Það á að gefa börnum brauð.....	10
Kall sat undir kletti.....	10
Umræða	11
Niðurlag	11
Heimildaskrá	13

Inngangur

Allar þjóðir eiga sér einhvers konar tónlistararf sem hefur fylgt þeim gegnum söguna. Menningararfur hvernar þjóðar hefur verið notaður sem innblástur í öllum listgreinum og ekki síst í tónlistinni. Tónskáld sækja í tónarf sinnar þjóðar í mismiklum mæli, en þjóðmenning litar þó allar manneskjur að einhverju leyti. Jórunn Viðar, rétt eins og ýmis önnur íslensk tónskáld, notaði þjóðlagatónlist í sínum eigin tónverkum og skildi eftir sig mikið safn þjóðlagaútsetninga. Sum lög sverja sig meira að segja svo mikið í ætt við íslensk þjóðlög að erfitt er að greina hvort um þjóðlag er að ræða eða lag eftir Jórunni. Jórunn var af ættum tónlistarfólks og menntaði sig fyrst sem klassískur píanisti, og starfaði svo lengi sem einleikari og tónskáld, en einnig sem meðleikari og kennari. Vegna samstarfs hennar við söngvara urðu mörg sönglög til í hennar smíðju og í þessari ritgerð verður kafað í nokkur verk hennar fyrir söng og píanó. Fyrst verður þó farið yfir æviferil Jórunnar, menntun hennar of störf, og ljósi varpað á mögulega áhrifavalda í tónsmíðum hennar. Til þess að geta betur skilgreint hvað felst í þjóðlagahefð Íslendinga verður farið yfir helstu einkenni þessarar hefðar og meðal annars komið inn á áhrif kveðskaparins á tónlistina. Skoðaðar verða tvær útsetningar af íslenskum þjóðlögum og tvö lög sem Jórunn samdi sjálf við íslenska texta, til að reyna að skilja tengsl á milli þjóðmenningar Íslendinga og Jórunnar Viðar. Í ljós kemur að Jórunn nýtir sér fjölbreytt einkenni þjóðlagatónlistar í verkum sínum, svo sem fimmundir, stækkuð tónbil, ýmis hrynmynstur, sem og flúr í rytma og tónum. Á sama tíma sýnir hún efniviði sínum virðingu, og leyfir laglínunum og textum að njóta sín.

Jórunn Viðar

Jórunn Viðar fæddist 7. desember 1918 í Reykjavík. Hún er úr fjölskyldu tónlistarmanna, en móðir hennar, Katrín Viðar (Norðmann) var píanisti og píanókennari sem hafði farið til Berlínar í píanónám ásamt bróður sínum. Faðir Jórunnar, Einar Viðar, var söngvari og hafði lært söng í Kaupmannahöfn¹ en dó úr lungnabólgu 33 ára gamall þegar Jórunn var aðeins fjögurra ára. Í viðtali í hemildamyndinni *Orðið tónlist: Jórunn Viðar* eftir Ara Alexander Ergis Magnússon, nefnir Jórunn að hún eigi fáar minningar um föður sinn, en söngrodd og

¹ Jóhanna Kristjánsdóttir, „Í trúnaði/Jórunn Viðar,“ *Morgunblaðið C* (1988): 22-23.

sönggleði hans var eitthvað sem Jórunn gleymdi aldrei og sem fylgdi henni alla tíð. Einar var ekki spar á sönginn og söng alltaf, eitthvað sem lét Jórinni, sem oft var mjög feimin, fara hjá sér.²

Á heimili Jórunnar var alltaf tónlist og hún sýndi mjög snemma áhuga á píanóinu. Móðir hennar var oft með tuttugu til þrjátíu nemendur og rak einnig hljóðfæraverslun svo hún hafði ekki mikinn tíma til að kenna sínum eigin börnum.³ Jórunn var búin að reyna að fá að fara í píanótíma til móður sinnar í nokkra mánuði, sem skilaði árangri að lokum, og þá gat hún byrjað að læra nótur og píanóleik.⁴ Eftir að hafa lært hjá móður sinni í tvö ár fór hún til Páls Ísólfssonar, sem var strangur píanókennari, og það var Jórinni mjög að skapi. Jórunn var þegar byrjuð að semja tónlist og bjó til „tónverk“ sem hún spilaði fyrir vini sína, en hún var þó ekki komin svo langt að geta skrifað verkin sín niður.⁵ Árni Kristjánsson tók við sem píanókennari Jórunnar þegar hún fór í Tónlistarskólann í Reykjavík, sem á þessum tíma var nýstofnaður. Þaðan lauk hún burtfararprófi og ári síðar einnig stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík.⁶

Þegar Jórunn lauk stúdentsprófinu 1937 var hún trúlofuð Lárusi Fjeldsted sem hún seinna giftist. Hún ákvað að fara í inntökupróf í Hochschule für Musik í Berlín, þar sem móðir hennar og móðurbróðir höfðu stundað nám.⁷ Meðal annars var próf í tónheyrn, eitthvað sem reyndist Jórinni auðvelt, vegna þess að hún var með fullkomið tóneyra.⁸ Jórunn hefur nefnt í viðtölum að þessi heyrn hafi bjargað henni oft en einu sinni og hjálpað henni að komast inn í alla skóla þar sem hún hafi sótt um. Jórunn lærði í Berlín í tvö ár. Á þessum árum var hugmyndafræði Hitlers í sókn í Þýskalandi. Þetta fór ekki fram hjá Jórinni og litaði mjög upplifun hennar af Berlínardvölinni. Á ákveðnum tímamarki var orðið of órólegt í landinu og Jórunn snýr þá aftur til Íslands og giftist Lárusi.⁹ Saman eignuðust þau einn son áður en Lárus veiktist af krabbameini árið 1943 og var fluttur í bandarískri herflugvél til New York til að gangast undir lækni meðferð. Jórunn fór með skipi til hans eftir á, ferðalag sem á þessum tíma tók 28 daga. Þrjátíu skip sigldu þar í samfloti til Bandaríkjanna, og af þeim var

² Ari Alexander Ergis Magnússon. *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*. Heimildarmynd. Ísland. Vimeo.com, 2009. <https://vimeo.com/208016327>.

³ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld,“ 19. júní 37, nr.1 (1987): 86-88.

⁴ Ari Alexander Ergis Magnússon, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, 2009.

⁵ Jóhanna Kristjánsdóttir, „Í trúnaði/Jórunn Viðar,“ 22-23.

⁶ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld,“ 88.

⁷ Ari Alexander Ergis Magnússon, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, 2009.

⁸ Ibid.

⁹ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld,“ 88.

eitt skotið niður.¹⁰ Þau dvöldu áfram í New York, og þar tók hún inntökupróf í Julliard-tónlistarskólann. Prófið skilaði henni í efsta bekk deildarinnar þar sem hún nam tónsmíðar og píanóleik árin 1943–1945.¹¹

Að námi loknu fluttu þau hjón aftur til Íslands þar sem Jórunn gerðist fyrirferðarmikil í íslensku tónlistarlífi. Austurbæjarbíó fylltist þegar hún hélt sína fyrstu einleikstónleika og hún fékk góðar viðtökur.¹² Henni var einnig falið að semja tónlist við kvikmynd Óskars Gíslasonar, „Síðasti bærinn í dalnum“, sem var frumsýnd 30. mars 1950. Þannig varð Jórunn fyrsta kvikmyndatónskáld Íslands. Hún var einnig fyrsta ballettónskáld Íslands því sama ár samdi hún tónlistina við ballettinn „Eldur“, undir áhrifum frá samnefndu ljóði Einars Benediktssonar.¹³ Sigríður Ármann samdi dansana. „Eldur“ var fyrsti íslenski ballettinn, og var frumfluttur í tengslum við Listamannáþing Þjóðleikhússins 5. maí árið 1950.¹⁴

Í lok sjötta áratugarins fór Jórunn til Vínarborgar og stundaði þar framhaldsnám í píanóleik í tvo vetur.¹⁵ Í viðtali við Pétur Má Ólafsson sem birtist 1989 í blaðinu *Þjóðlíf* má lesa: „Ég var tvo vetur í Vínarborg af því að mér fannst ég vera að lognast út af, langaði að komast í nýtt umhverfi og kynnast nýjum straumum.“¹⁶ Hún var mjög virk sem konsertpíanisti og lék sjö sinnum með Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsævi sinni. Hún flutti meðal annars píanókonsertera eftir Mozart, Beethoven, R. Schumann og Chopin. Árið 1977 kvaddi hún Sinfóníuhljómsveit Íslands með frumflutningi á píanókonsertri sínum, sem ber heitið „Slátta“.¹⁷ Meðfram ferlinum eignuðust þau Lárus tvær dætur, en fyrir áttu þau son eins og áður sagði.¹⁸

Þegar Söngskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1973 var Jórinni boðið til samstarfs við frænku sína, Þuríði Pálsdóttur sópransöngkonu. Samstarfið bar meðal annars þann árangur að til urðu fjölmörg sönglög. Í viðtali frá 1987 segir hún: „Söngskólinn hefur líka

¹⁰ Ari Alexander Ergis Magnússon, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, 2009.

¹¹ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld“, 88.

¹² Lana Kolbrún Eddudóttir, „Heiðurstónskáldið Jórunn Viðar,“ *Vera* 23, nr. 1 (2004): 36.

¹³ Hildigunnur Rúnarsdóttir, „Jórunn Viðar – minning,“ *Þræðir* 2 (2017), sótt 31. október 2019, <https://www.lhi.is/tolublad-2-jorunn-vidar-minning>.

¹⁴ „100 ár frá fæðingu Jórunnar Viðar tónskálds,“ Ríkisútvarpið. Seinast uppfært 7. desember 2018, sótt 8. nóvember 2019, https://www.ruv.is/frett/100-ar-fra-faedingu-jorunnar-vidar-tonskalds?fbclid=IwAR1Y77gfFrBHRAPJr0cB2Rj_TRCoZUWqQA-oE5Eg1mmewOs0KFW8kc9FMaQ.

¹⁵ Lana Kolbrún Eddudóttir, „Heiðurstónskáldið Jórunn Viðar,“ 36.

¹⁶ Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar,“ *Þjóðlíf* 5, nr. 2 (1989): 39-44.

¹⁷ Hjördís Ástráðsdóttir, „Jórunn Viðar: Slátta,“ efnisskrá fyrir *Kvennatónleikar: Baráttukonur og brautryðjendur*, Sinfóníuhljómsveit Íslands, (Reykjavík: Eldborg, 15. júní, 2015), 8.

¹⁸ Lana Kolbrún Eddudóttir, „Heiðurstónskáldið Jórunn Viðar,“ 36.

verið lyftistöng fyrir mig sem tónskáld. Lögin mín hafa bókstaflega verið rifin út úr höndunum á mér hálfskrifuð.¹⁹ Jórunn starfaði þarna í um 20 ár.²⁰

Jórunn Viðar lést þann 27. febrúar 2017, þá 98 ára gömul.²¹ Eftir hana liggja fjölmörg þjóðþekkt sönglög og útsetningar af þulum. Meðal þekktustu verka Jórunnar má nefna „Ólaf liljurós“, annan ballett hennar, saminn árið 1952, „Mansöng fyrir Ólafs rímu Grænlandings“, kórverk samið 1960, „Hugleiðingar um fimm gamlar stemmur“ fyrir píanó frá árinu 1963 og svítuna „Þjóðlífsþætti“ fyrir fiðlu og píanó, samin 1974.²²

Jórunn hlaut margar viðurkenningar fyrir starf sitt. Hún var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu árið 1989 og var fyrsta og eina konan í Tónskáldafélagi Íslands í rúma þrjá áratugi. Hún var einnig valin borgarlistamaður Reykjavíkur árið 1999 og hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2004. Árið 2009 hlaut Jórunn Menningarverðlaun DV og hafði þegið heiðursverðlaun listamanna frá Alþingi um árabíl.²³

Íslensk tónlist

Áhrifa íslenskrar þjóðlagatónlistar gætir víða í verkum Jórunnar Viðar, og því er ekki úr vegi að rekja í stuttu máli helstu einkenni hennar og byrja þá á íslensku kveðskaparhefðinni, sem er talin byggja á gamalli hefð. Íslensk kveðskapur hefur mjög frjálsan bakgrunn. Rímur voru alltaf kveðnar og sum erindi í gömlum rímum benda til þess að þær hafi verið kveðnar fyrir dansi, en á síðari öldum voru þær fyrst og fremst kveðnar til skemmtunar heima á kvöldin þegar fólk sat við vinnu sína. Kvæðamenn kváðu hver eftir sínu höfði og höfðu oft sín eigin sérstök kvæðalög. Frásagnir séra Bjarna Þorsteinssonar og Benedikts Jónssonar á Auðum lýsa því hvernig lögin voru spunnin á staðnum og kveðið var eftir stemmningu. Þrátt fyrir þetta urðu sum lög vinsæl og breiddust út meðal fólks, á meðan önnur gleymdust.²⁴

Benedikt Jónsson skiptir kvæðalögum niður í tvo flokka. Í fyrri flokknum talar hann um kvæðalög sem fylgja stökum og stuttum vísum. Þessi lög hafa oftar stærra raddsvið, oft

¹⁹ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld,“ 88.

²⁰ Hjördís Ástráðsdóttir, „Jórunn Viðar: Slátta,“ 8.

²¹ „Jórunn Viðar,“ Ísmús. Seinast uppfært 13. mars 2017, sótt 8. nóvember 2019, <https://www.ismus.is/i/document/uid-2ecddf02-3504-4d81-88eb-b0426a87b39a>.

²² „100 ár frá fæðingu Jórunnar Viðar tónskálds.“

²³ „Jórunn Viðar,“ Ísmús. Seinast uppfært 7. mars 2017. Sótt 31. nóvember 2019, <https://www.ismus.is/i/person/uid-30dfadf3-473d-4aff-a646-bde133879908>.

²⁴ Njáll Sigurðsson, „Kveðskaparlistin Varðveisla og saga,“ í *Silfurplötur* Iðunnar, ritstj. Gunnsteinn Ólafsson (Reykjavík: Kvæðafélagið Iðunn, Smekkleysa, 2004), 20-31.

meira en áttund, og þau minna meira á reglulegar laglínur, þar sem tónabil og tónasambönd eru mergur lagsins. Benedikt taldi að út af því að tónasambönd og form voru svo mikilvægt einkenni laganna hafi lögin í þessum flokki haldist að mestu óbreytt. Þetta væri ástæða þess að honum reyndist auðveldara að skrifa þessi lög niður í nótum.²⁵ Það er hins vegar í náttúru allrar munnlegar menningar að vera breytileg og það á einnig við um þjóðlögin. Vésteinn Ólason bókmenntafræðingur segir þetta um eðli þjóðkvæða, sem á einnig vel við um þjóðlög:

Þjóðkvæðið á sér auðvitað eitthvert upphaf hjá einum eða fleiri höfundum, en það hefur geymst í minni fólks og komist tiltölulega seint á blað eða bókfell. Örlög þess voru því háð minni fólks, enda eru flest þjóðkvæði til í mörgum gerðum og hafa tekið ýmsum breytingum í tímanna rás.²⁶

Þessara áhrifa gætir einnig í íslenskum þjóðlögum, þar sem oft eru til mörg tilbrigði af sama lagi við sömu vísu. Stutt lög eins og íslensku þjóðlögin hafa þó haft fremur fast form samkvæmt því sem Benedikt Jónsson bendir á.

Lögin í seinni flokknum kallaði Benedikt „hin eiginlegu rímnalög“, og þau voru mun ómelódískari, formlausari og óákveðnari. Þessi lög náðu einnig yfir minna tónsvið og algengast var að það færi ekki yfir tvíund eða þríund, enda voru rímurnar langar og kveðið var heilu kvöldvökurnar.²⁷ Jón Leifs taldi að uppruni þjóðlaga væri í lestri og að söngurinn hefði orðið til þegar „menn fóru að mæla fram á tilbreytilegan hátt“²⁸; frumtilraunir til söngs hreyfðust því um þröngt tónsvið. Benedikt nefnir fleiri einkenni á rímnalögum í ritgerði sinni. Eðlilegt var að bæta við trillum, áherslum, takti og hljómbreytingum, og mergurinn í þessum lögum lá í flutningi kvæðamannsins.²⁹

Að skreyta eða „dilla“ tóninum var hlutverk í flutningi kvæðamannsins. Hver og einn skreytti eftir sínu höfði. Kvæðamaður kvað heldur nær aldrei allt lagið í sama takti.³⁰ Takturinn í lögnum er oft mjög tengdur textanum og bragfræði rímnanna.³¹ Fjórðungstónar voru einnig algengir í flutningi kvæða, en það eru tónar sem lenda á milli hálfháttóna í

²⁵ Ibid. 23-24.

²⁶ Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum,“ í *Íslensk bókmenntasaga II* (Reykjavík, Mál og menning, 1993), 480.

²⁷ Njáll Sigurðsson, „Kveðskaparlistin Varðveisla og saga,“ 24.

²⁸ Jón Leifs, „Íslenskt tónlistareðli,“ *Skírnir* 96, nr. 1 (1922): 132.

²⁹ Njáll Sigurðsson, „Kveðskaparlistin Varðveisla og saga,“ 24.

³⁰ Gunnsteinn Ólafsson, „Skráning kvæðalaga og leitinn að höfundum þeirra,“ í *Silfurplötur Iðunnar*, ritstj. Gunnsteinn Ólafsson (Reykjavík: Kvæðafélagið Iðunn, Smekkleysa, 2004), 37.

³¹ Jón Leifs, „Íslenskt tónlistareðli,“ 139.

tónstiganum. Það var einnig algengt að „vega sig upp á tóna“³² og að draga lokatón hvernar vísu út, kallað að „draga seiminn“.³³ Önnur einkenni þar að auki nefnir Jón Leifs í ritgerðinni „Íslenskt tónlistareðli“ sem birtist í *Skírni* árið 1922. Þar fjallar hann um endurteknar nótur, stökk í laglínunum og stækkuð tónskref. Stækkuð tónbil eru sérstaklega algeng í íslenskum tvísöng sem er sunginn í fimmundum. Fimmundasöngurinn mynda tónstiga sem inniheldur stækkaða ferund og áttund sem gefa lögunum sérstakan blæ og myndar enda sem eru óskyldir klassískri hljómfærði. Jón nefnir einnig flúr þar sem farið er upp fyrir og niður fyrir tóninn. Þetta kallar hann „rykki“ og söngvarinn bætir þeim frjállega við í línulok.³⁴

Gunnsteinn Ólafsson nefnir í bókinni *Silfurplötur Íðunnar* að sönglist Íslendinga hafi ekki orðið fyrir miklum breytingum gegnum aldirnar, en tónlistin þróaðist þó með tímanum vegna alþjóðavæðingarinnar. Má segja að á 19. öld hafi enn verið kveðið mjög frjálst, tónbilin voru „ómenguð“ af hljóðfæraleik nýrrar aldar og voru oft á milli hálfhátt, stundum hvorki dúr- né moll-þríund eða hvorki stórar né litlar tvíundir. Þegar orgelið kom til landsins í lok 19. aldar þurfti sönglistin hins vegar að laga sig að leik hljóðfærisins. Áður höfðu forsöngvarar leitt sönginn í kirkjunum. Tónbil urðu fastmótaðari og skreytingar minnkuðu við flutning á laglínunum. Það var einnig byrjað að semja í ákveðnu hljómasamhengi og laglínur ortar eftir því. Laglínur sem áður voru oftast sungnar í kirkjutóntegundum voru nú sungnar í dúr og moll. Annað sem breyttist í kjölfarið var tónsvið laganna. Áður fyrr voru þjóðlög og kvæðalög sungin í tvíunda- eða þríundabili, en það breyttist, tónsviðið jókst og var meira notað en áður.³⁵

Í þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar, *Íslensk þjóðlög*, er að finna mikinn fróðleik um þjóðlagahefðina. Í bókinni talar hann um að mörg þjóðlögin hafa einkennileg tónasambönd og séu stundum í mjög óreglulegum takti.³⁶ Lögin eru oft í gömlum kirkjutóntegundum, mörg í dórískri, mixólýðskri eða æólískri tóntegund, þar sem sjöundi tóninn er lítill, eða einnig í dúrtóntegund. Flest eru lögin þó í lýðskri og frýgískri tóntegund, sérstaklega tvísöngslögin.³⁷ Þessi flokkun í tóntegundir er þó umdeild. Í ritgerðinni „Íslenskt tónlistareðli“ gagnrýnir Jón Leifs ákvörðun Bjarna Þorsteinssonar um að ákveða tóntegund laganna. Þröngt tónsvið og stökk í laglínunum gerir það hæpið að telja lögin í þessum ákveðnu

³² Gunnsteinn Ólafsson, „Skráning kvæðalaga og leitinn að höfundum þeirra,“ 35-38.

³³ Njáll Sigurðsson, „Kveðskaparlistin Varðveisla og saga,“ 21.

³⁴ Jón Leifs, „Íslenskt tónlistareðli,“ 130-143.

³⁵ Gunnsteinn Ólafsson, „Skráning kvæðalaga og leitinn að höfundum þeirra,“ 34-36.

³⁶ Bjarni Þorsteinsson, „Um þjóðlög yfir höfuð að tala og um íslensk þjóðlög sjerstaklega,“ í *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 2.

³⁷ Ibid., 8.

tóntegundum. Þau ná yfirleitt yfir frekar stutt tónsvið en þau tónbil sem eru helst áberandi er að finna innan til dæmis frýgískrar og lýdískrar tóntegundar, þar sem stækkuð ferund er mest áberandi.³⁸ Bjarni Þorsteinsson taldi að notkun þessara tónbila hafi haldist vegna þess að þær framfarir sem áttu sér stað í Evrópu, á 17. og 18. öld höfðu ekki náð til Íslands. Í kirkjum var sungið úr sálmabókum eins og *Grallaranum* og í heimahúsum var kveðið, og voru textarnir oft andlegir. Fiðlan og langspilið voru helstu hljóðfærin sem voru notuð til undirleiks.³⁹ Séra Bjarni nefnir að þessar sérstöku aðstæður á Íslandi hafi sína kosti og galla.

Sá kostur fylgir þessu, að vjer höfum þannig varðveitt það, sem aðrar þjóðir hafa fyrir æfa löngu glatað og gleymt, og almennings sjónir, hafa miklu meira gildi bæði í sönglegu og sönglegu tiliti, en annars hefði orðið raunin á. En aptur á hinn bóginn er það auðvitað, að vjer höfum ávallt staðið og stöndum enn langt baki öllum öðrum þjóðum álfunnar að framförum í hinum nýja söng og í allri músík, hverju nafni sem nefnist.⁴⁰

Einangrun þjóðarinnar, bæði landfræðilega og pólitískt séð, stóð því í vegi fyrir þróun tónlistar á Íslandi, og þess vegna voru þjóðlög fram eftir 19. öld með svipuðu móti og miðaldatónlist hjá öðrum Evrópulöndum. En seinna kom evrópsk tónlistarhefð til landsins og tónlistarskólar voru stofnaðir. Íslensk tónskáld eins og Jórunn Viðar gátu þá sótt sér innblástur í bæði klassíska tónsmíðahefð og íslenskan þjóðlagaarf.

Verkfæri Jórunnar

Í heimildamynd Ara Alexanders, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, segir Jórunn frá helgarferð til Siglufjarðar. Þar heyrði hún tvo karla kveða á hótelinu þar sem hún dvaldi. Þetta var í fyrsta sinn sem hún heyrði kveðnar rímur. Henni fannst þetta svo skemmtilegt og sagðist hafa verið „eins og lamin af töfrasprota“. Auk þess kynntist hún þulum og talleikjum í gegnum barnfóstru frá Eyrarbakka. Þetta gamla og „úrelta“, eins og hún orðar það sjálf, vakti áhuga hennar. „Ég vissi bara að þetta væri sko innihaldið hjá okkur. Þetta áttum við að rækta. Og ég smitaðist af þessu.“⁴¹

Jórunn segir í viðtali við Pétur Mát Ólafsson að hún hafi einnig notað lög úr safni Bjarna Þorsteinssonar og þá einkum lög sem komu frá séra Sigtryggi Guðlaugssyni.⁴² Sigtryggur Guðlaugsson skrifaði á árunum 1882–1886 upp lög sem hann hafði lært Eyjafjarðar- og

³⁸ Jón Leifs, „Íslenzkt tónlistareðli,” 135.

³⁹ Bjarni Þorsteinsson, „Um þjóðlög yfir höfuð að tala og um íslenzk þjóðlög sjerstaklega,” 7.

⁴⁰ Ibid.

⁴¹ Ari Alexander Ergis Magnússon, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, 2009.

⁴² Pétur Mát Ólafsson, „Jórunn Viðar,” 44.

Suður-Þingeyjarsýslum og sendi séra Bjarna Þorsteinssyni.⁴³ Í viðtalinu segir Jórunn: „Hann [Sigtryggur Guðlaugsson] hefur geymt allt það sem er hreinræktað og hefur ekki orðið fyrir þýskum eða norrænum áhrifum.“⁴⁴ Lög eins og „Bí, bí og blaka“, „Krummakvæði“ (Krumminn á skjánum), „Táta, táta“ og „Ég þekki Grýlu“ eru dæmi um lög sem Jórunn hefur útsett og sem eru að finna í framlagi séra Sigtryggs Guðlaugssonar í safninu *Íslensk þjóðlög*.

Í sama viðtali útskýrir Jórunn að í útsetningum sínum hafi hún reynt að forðast að breyta lögnum. Einfaldleiki þessara laga er eitthvað sem hún reyndi alltaf að halda og forðaðist eins hún sjálf segir: „að gera nokkuð sem getur skert laglínuna eða tekið frá henni“⁴⁵ Í útsetningum eins og „Krumminn á skjánum“ og „Táta, táta“ er laglínun sungin eins og í nótum Bjarna Þorsteinssonar og í sömu tóntegund.⁴⁶ Í þessum lögum er það píanóið sem sýnir tónmál Jórunnar.

Eins og áður var nefnt voru þjóðlögin ekki sú tónlist sem Jórunn kynntist fyrst. Móðir hennar kenndi á píanó heima hjá þeim og þar hljómaði fyrst og fremst evrópsk klassík, og rómantík og tónsmíðar af sama grunni voru aðalnámsgreinar hennar frá fyrstu árum. Hún var ákveðin í að læra að semja tónlist með sama sniði og tónlistin sem hún hafði lært og spilað. Í viðtali við Jónínu Michaelsdóttur talar hún um virðingu og vilja sinn til að ná valdi á klassískum tónsmíðum: „Ég ætlaði ekki að vera viðvaningur og semja lög án þess að kunna það.“⁴⁷ Hún sagði tónskáld eins og Gustav Mahler, Zoltan Kodaly, Benjamin Britten, Bela Bartók og Ígor Stravinskíj alla hafa vakið hrifningu hennar. Annað tónskáld sem hafði áhrif á hana var Richard Wagner. Hún dáðist að því hvernig hann málaði hverja persónu í tónum í óperum sínum og notaði þetta sem innblástur þegar hún samdi tónlistina við kvikmyndina *Síðasti bærinn í dalnum*.⁴⁸

Greining laga

Nú verður farið yfir nokkur lög sem Jórunn hefur samið eða útsett. Tvær útsetningar á þulum og tvö lög úr hennar smíðju voru valin til að rannsaka hvað einkennir helst útsetningar hennar

⁴³ Bjarni Þorsteinsson, „Séra Sigtryggur Guðlaugsson,“ í *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 595.

⁴⁴ Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar,“ 44.

⁴⁵ Ibid.

⁴⁶ Jórunn Viðar, *Nokkur íslensk þululög* (Reykjavík: Íslensk tónverkamiðstöð), 3 og 8.

⁴⁷ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórinni Viðar tónskáld,“ 88.

⁴⁸ Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar,“ 43.

og hvaða áhrifa íslenskrar þjóðlagahefðar gætir í verkunum. Hér verður stuðst við nótur laganna, bæði nótur höfundar, sem og uppskriftir laganna í *Íslenskum þjóðlögum*.

Táta, táta

„Táta, táta“ er þululag frá séra Sigtryggi Guðlaugssyni sem hann lærði af foreldrum sínum í Eyjafirði og finnst í þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar.⁴⁹ Lagið hreyfist um svið einnar ferundar, *fis – h*, og tónninn *g* er grunntónn, endurtekinn oft í laginu eins og tónninn *h*. Í útsetningu Jórunnar hljómar lagið eins og það stendur í bók Bjarna. Eins og hún segir í áðurnefndu viðtali við Pétur Má Ólafsson útsetur hún lagið án þess að snerta laglínuna sjálfa.⁵⁰ Laglínan er meira að segja í sömu tóntegund. Í staðinn hefur Jórunn sett allt í píanópartinn, sem er mjög fjörugur og kraftmikill. Endurtekning er áberandi einnig í píanóinu þar sem fyrstu fjórir taktarnir eru endurteknir aftur og aftur. Í hægri hendi hljóma hraðar trillur á meðan vinstri höndin er með stöðugan rytma með fimmundum í bassanum. Ólíkt laglínunni er píanóið alltaf með litla sjöund, *f*, á meðan söngvarinn syngur *fis*. Hér getur verið að Jórunn sé að leika sér með hina fornu fjórðungstónahefð en fellir það inn í ramma klassísks píanóleiks.

Grýlukvæði

„Grýlukvæði“ er þula eftir Stefán Ólafsson, en lagið sem notað er í útsetningu Jórunnar ber heitið „Það var barn í dalnum“. Þetta er lag sem Bjarni Þorsteinsson lærði af Ólafi Davíðssyni á Hofi í Hörgárdal. Bjarni nefnir að þetta lag sé einnig sungið við „Grýlukvæði“⁵¹ Raddsvið lagsins er minnkuð fimmund, *fis – c* (*cis – g* í útsetningu Jórunnar). Í viðtali við Pétur Má Ólafsson nefnir Jórunn „Grýlukvæði“ sem rammíslenskt þululag og bendir á endurtekningu lokasetningarinnar, sem er skyndilega stöðvuð í miðju kafi og byrjað aftur á áður en laginu lýkur („hún er svo ófríð og illileg, hún er svo ófríð og illileg með“).⁵² Jórunn notar lagið eins og það var skrifað í *Íslensk þjóðlög*. Hún heldur formerkinu sem Bjarni Þorsteinsson gaf laginu, en byrjar lagið ferund neðar. Hjá Bjarna byrjar lagið á tóninum *g* og byrjar því á *d* í útsetningu Jórunnar. Lagið endar núna á *d*, fimmund grunnhljómsins og laglínan inniheldur stækkuðu ferundina *cis*. Píanóið er oft með fimmundastökk og fimmundahljóma; bæði frá *fis*, eina formerki tóntegundarinnar, en með stækkaða ferund, *cis*, til að mynda hreina fimmund, og frá *f*, sem er lækkuð sjöund, þá með *c*, sem er hrein ferund tóntegundarinnar.

⁴⁹ Bjarni Þorsteinsson, „Sira Sigtryggur Guðlaugsson,“ 608.

⁵⁰ Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar“ 44.

⁵¹ Bjarni Þorsteinsson, „Ólafur Davíðsson,“ í *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 509.

⁵² Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar,“ 44.

Báðar hendur spilar þennan einfalda undirleik í áttundum. Þessi einfaldi undirleikur, sem og stökk, fimmundahljómar og áherslur sem virðist handahófskenndar vekja hughrif þjóðlegs tónmáls.

Það á að gefa börnum brauð

Þetta er lag sem Jórinni samdi við gamla þulu. Lagið er í lýðiskri tóntegund með F sem grunntón en fer einnig yfir í einhvers konar d-moll í miðju lagi. Píanóið endurtekur lagið með tveggja slaga seinkun svo keðjusöngur myndast. Tónskáldið skreytir laglínuna með slaufu sem inniheldur stækkaða ferund og sem hljómar oft gegnum lagið, bæði í söngnum og í píanóinu. Píanóið endurtekur slaufuna þrisvar þegar endurtekingin í þulunni kemur fyrir („og klæðin rauð...“). Þungt og stöðugt hrynmynstur heyrir í vinstri höndinni allt í gegnum lagið. Bassinn er í fimmundum, og notar stækkuðu ferundina sem stutt forslag til að vega sig upp á fimmundina. Undir lok lags hættir dansrytminn og bassalína í fimmundum tekur við og endar lagið. Í þessu lagi má líta nokkur einkenni sótt í þjóðlagahefðina: notast er við kirkjutóntegundir og stækkuð tónbil, flúr, forslag og endurtekningar, og einnig eru fimmundir áberandi. Enn fremur er endað á því að draga seiminn, eins og algengt var í flutningi kvæðalaga.

Kall sat undir kletti

Jórunn samdi þetta lag við texta eftir Halldóru B. Björnsson. Lagið samanstendur af þremur erindum. Í fyrsta og seinasta erindi hljómar bæði dúr- og mollþríund en aðeins lítil sjöund. Í öðru erindinu heyrir aðeins dúrþríund en bæði stór og lítil sjöund. Áhersla er alltaf lögð á fyrsta slagið í píanópartinum. Lokatóninn er dreginn út eins og oft er gert í þjóðlögum, bæði hjá söngvara og píanóleikara. Jórunn notar hrynhreyfingu í laglínunni sem er mjög áberandi (tvær áttundapartsnótur sem fylgt er eftir með fjórðapartsnótu) svo úr verður einhvers konar stöðug trilla. Forslag upp á efstu nótu lagsins í tóktum 12, 24 og 38 er enn eitt dæmið þar sem söngvarinn vegur sig upp á tóninn. Jórunn notar píanóið meira til undirleiks í þessu lagi en í „Það á að gefa börnum brauð“, þar sem píanóið er með laglínu og sér um keðjusöng. Hér lætur hún píanópartinn spila hljóma með *d* í efstu röddinni, endurtekið allan tímann í tríólum. Laglínan hreyfir sig aðallega kringum *d*, en bassinn er alltaf í fimmundum eins og í „Það á að gefa börnum brauð“. Textinn hefur áberandi hlutverk og veitti Jórunni mikinn innblástur, eins og hún talar um í viðtali við Jónínu Michaelsdóttur:

„Lagið við *Kall sat undir kletti* samdi ég á einum degi. Halldóra B. Björnsson samdi ljóðið og kom með það til mín blautt úr pennanum. – Jórunn gerðu lag við þetta, sagði hún, og lagði áherslu á að fyrsta orðið væri skrifað kall og ekki karl. Um leið og ég las fyrstu hendinguna, „Kall sat undir kletti og kordur sínar sló“, varð ég hugfangin af orðinu kordur, sem er stytting úr orðinu akkord, sem þýðir hljómur. Ég hafði aldrei heyrt þetta orð áður og það varð lykill að laginu. Svona gerist þetta oft.“⁵³

Í þessu lagi er að finna sterk tengsl við sönghefð Íslendinga. Eins og áður var nefnt var eðlilegt að syngja tóna sem voru á milli dúr- og mollþríundar. Með því að nota bæði litlar og stórar þríundir og sjöundir líkir Jórunn eftir þessum áhrifum, og nýtir þannig hljóðfæri sem aðeins getur spilað dúr og moll til þess að ná fram þjóðlagablæ. Þetta kemur líka fyrir hjá öðrum íslenskum tónskáldum, til dæmis í þjóðlagaúsetningum Jóns Leifs og kórverki hans, Requiem.

Umræða

Þessi lög eru um margt ólík, en þó er ýmislegt sem tengir þau saman: þetta eru sönglög með píanóundirleik, samin eða útsett við þjóðlega íslenska texta. Texti kvæðanna felur í sér áherslur og endurtekningar sem koma skýrt fram í laglínunum og í undirleiknum, sem á sér rætur í fornri tónlistarhefð Íslendinga þar sem bragarháttur rímna stýrði því hvernig kvæðamaður flutti þær. Fleiri þjóðlagaeinkenni má greina í þessum verkum. Í píanóleiknum er notkun fimmunda og sterkra áherslna áberandi, en þó ávallt án þess að stela athyglinni frá laglínunni. Verkin eru þó samin þannig að jafnvel væri hægt að ímynda sér þau án sönglínunnar, og þar kemur listfengi Jórunnar og menntun hennar sem píanóleikari skýrt fram. Jórunni tekst að umbreyta píanóinu í hljóðfæri sem hljómar íslenskt; sem er til undirleiks en verður nauðsynlegur hluti af verkinu. Í útsetningunum heldur hún gömlu laglínunum og í sínum eigin verkum semur hún sig inn í þessa gömlu hefð. Hún notar tónbil og tóntegundir samkvæmt þjóðlagahefðinni og leikur sér fimlega með flúr og forslög. Þetta gæti verið ástæður þess að jafnvel frumsamin verk Jórunnar vekja hughrif þjóðlaga hjá þeim sem á hlýða.

Niðurlag

Jórunn Viðar var tónskáld sem leitaði í þjóðararf Íslendinga til þess að búa til sitt eigið tónmál. Hún notaði innblástur sem hún fann í umhverfi sínu, bæði á klassísku tónlistarheimili

⁵³ Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórunni Viðar tónskáld,“ 87.

og í menningararfi þjóðar sinnar. Tungumálið og textinn lék stórt hlutverk í vinnuferli Jórunnar, rétt eins og bragarhættirnir mótuðu kvæðalögin áður fyrir. Með hjálp frá klassískri menntun sinni mótaði hún tónmál sitt og gat haganlega tjáð sig þegar hún fann innblástur. Í þeim verkum Jórunnar sem hér hafa verið til umfjöllunar má finna ýmis líkindi milli útsetninga hennar og frumsaminnna verka. Einkenni íslenskrar þjóðlagahefðar, svo sem fimmundir, stækkaðir tónar, hrynmynstur og flúr í rytma og tónum, er meðal þess sem finna má í verkunum. Eitt aðalverkfæri Jórunnar í þessum verkum er píanóið, sem hún notar á fjölbreyttan hátt, meðal annars til þess að ná fram þjóðlagablæ.

Tónverk Jórunnar eru mörg og fjölbreytt, því er líklegt að fleiri líkindi við íslenskan tónlistararf komi í ljós ef dýpra er kafað í efnið, einnig mætti skoða betur hvar Jórunn sveigir frá hefðinni og kemur með áhrif frá eigin brjósti. Þess vegna gæti verið áhugavert að hefja ítarlegri rannsókn á verkum hennar, sem og tengsl við aðrar listgreinar á Íslandi, eins og dans og myndlist. Þar að auki væri áhugavert að skoða þjóðlög annarra þjóða sem voru lengi án áhrifa klassískra tónsmíða í Evrópu, og kanna hvað er líkt og ólíkt með lögum ólíkra landa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Bjarni Þorsteinsson, „Um þjóðlög yfir höfuð að tala og um íslensk þjóðlög sjerstaklega,“ *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 1-10.

Bjarni Þorsteinsson, „Ólafur Davíðsson,“ *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 500-510.

Bjarni Þorsteinsson, „Síra Sigtryggur Guðlaugsson,“ *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906), 595-609.

Gunnsteinn Ólafsson, „Skráning kvæðalaga og leitin að höfundum þeirra,“ *Silfurplötur Iðunnar*, ritstj. Gunnsteinn Ólafsson (Reykjavík: Kvæðafélagið Iðunn, Smekkleysa, 2004), 34-39.

Njáll Sigurðsson, „Kveðskaparlistin Varðveisla og saga,“ *Silfurplötur Iðunnar*, ritstj. Gunnsteinn Ólafsson (Reykjavík: Kvæðafélagið Iðunn, Smekkleysa, 2004), 20-31.

Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum,“ *Íslensk bókmenntasaga II* (Reykjavík, Mál og menning, 1993), 480.

Efnisskrár

Hjördís Ástráðsdóttir, „Jórunn Viðar: Slátta,“ efnisskrá fyrir *Kvennatónleikar: Baráttukonur og brautryðjendur*, Sinfóníuhljómsveit Íslands, (Reykjavík: Eldborg, 15. júní, 2015), 8.

Nótur

Jórunn Viðar, *Einsönglög* (Reykjavík: Ísalög, 2018), 40 og 55.

Jórunn Viðar, *Nokkur íslensk þululög* (Reykjavík: Íslensk tónverkamiðstöð), 3, 8 og 14.

Tímaritsgreinar

Hildigunnur Rúnarsdóttir, „Jórunn Viðar – minning,“ *Þræðir 2* (2017), sótt 31. október 2019, <https://www.lhi.is/tolublad-2-jorunn-vidar-minning>.

Jóhanna Kristjánsdóttir, „Í trúnaði/Jórunn Viðar,“ *Morgunblaðið C* (1988): 22-23.

Jón Leifs, „Íslenskt tónlistareðli,“ *Skírnir* 96, nr. 1 (1922): 130 - 143.

Jónína Michaelsdóttir, „Fremst meðal jafningja. Rætt við Jórunni Viðar tónskáld,“ *19. júní* 37, nr.1 (1987): 86-88.

Lana Kolbrún Eddudóttir, „Heiðurstónskáldið Jórunn Viðar,” *Vera* 23, nr. 1 (2004): 36.

Pétur Már Ólafsson, „Jórunn Viðar,” *Þjóðlíf* 5, nr. 2 (1989): 39-44.

Kvikmyndir

Ari Alexander Ergis Magnússon. *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*. Heimildarmynd. Ísland. Vimeo.com, 2009. <https://vimeo.com/208016327>.

Vefheimildir

„Jórunn Viðar,” Ísmús. Seinast uppfært 7. mars 2017. Sótt 31. nóvember 2019, <https://www.ismus.is/i/person/uid-30dfadf3-473d-4aff-a646-bde133879908>.

„100 ár frá fæðingu Jórunnar Viðar tónskálds,” Ríkisútvarpið. Seinast uppfært 7. desember 2018, sótt 8. nóvember 2019, https://www.ruv.is/frett/100-ar-fra-faedingu-jorunnar-vidar-tonskalds?fbclid=IwAR1Y77gfFrBHrAPJr0cB2Rj_TRCozUWqQA-oE5Eg1mmewOs0KFW8kc9FMaQ.

„Jórunn Viðar,” Ísmús. Seinast uppfært 13. mars 2017, sótt 8. nóvember 2019, <https://www.ismus.is/i/document/uid-2ecddf02-3504-4d81-88eb-b0426a87b39a>.